

16. maí 2012

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti
Reykjavík

Vísað er til óskar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, mál nr. 762.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila sparisjóðum að endurskipuleggja sig sem hlutafélög í því skyni að auðvelda þeim aðgang að eigin fé til þess að styrkja rekstrargrundvöll þeirra. Þá eru heimildir til arðgreiðslna samræmdar þessari breytingu. Samhliða þessu eru starfsheimildir þeirra þrengdar og bundnar við inn- og útlánsstarfsemi. Kvaðir eru jafnframt settar á að sparisjóðir ráðstafi að lágmarki 5% af hagnaði sínum til samfélagslegra verkefna. Þessar kvaðir virðast að mati SFF vera fullnægjandi til þess að sérákvæði frumvarpsins um heimildir sparisjóða til samstarfs um ýmsa starfsþætti verði bundnar við hliðstæð fyrirtæki og sparisjóðir hafa verið, þ.e. staðbundinn fyrirtæki með afmarkaða starfsemi.

Ný ákvæði í frumvarpinu fjalla um breytingu á sparisjóðum úr sjálfseignastofnunum í hlutafélög og samruna sparisjóða við aðra sparisjóði og önnur hlutafélög. Tryggt virðist með ákvæðum frumvarpsins að ekki verði gengið á óráðstafað eigin fé sparisjóða sem ætlað er til samfélagslegra verkefna við samruna eða arðgreiðslur.

Samtök fjármálafyrirtækja eru samþykkt frumvarpinu.

Virðingarfyllst,



Yngvi Örn Kristinsson SFF